



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

570. stjórnarfundur þriðjudaginn 12. október 2021 kl. 18:00

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Garðar Már Newman, Birgir Már Bragason, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Björg Hafsteinsdóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Bréf frá skjalaverði Reykjanesbæjar. Beiðni um kaup á búnaði fyrir styrktarþjálfun á Sunnubraut 34

Bréf frá UMFÍ. Sambandsþing UMFÍ, dagskrá, ársreikningur, tillögur og seinna þingboð. Fréttabréf UMFÍ. Samskiptaráðgjafi boðar til fundar í Reykjanesbæ, 28. október í íþróttakademíunni.

Afrit af greinargerð sunddeilda Keflavíkur og Njarðvíkur.

Heilsuvika Reykjanesbæjar, Haus bauð upp á fyrirlestra.

Tölvupóstur frá Advania með upplýsingum um að launa- og bókhaldskerfið sem Keflavík er að nota verði hætt um ármótin 2022. Keflavík býðst að uppfæra kerfið sitt í nýjustu útgáfu af Microsoft Dynamics Business Central Basic á ákveðnum afsláttarkjörum.

Tölvupóstur frá formanni fimleikadeildar Keflavíkur þar sem hann óskar eftir því að fara úr stjórn deildarinnar.

3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir og ráð.

Tvær umsóknir sendar inn í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ. Skyndihjálparnámskeið og röð fyrirlestra frá Haus hugarþjálfun.

4. Sambandsþing UMFÍ

Sambandsþing UMFÍ verður haldið á Húsavík 15.-17. október 2021. Kjörbréf liggur fyrir.

Allir stjórnarmenn aðalstjórnar verða þingfulltrúar. Búið er að kaupa flug og ganga frá hóteli. Búið er að panta bíl fyrir norðan. Lagt verður af stað kl. 11 frá Keflavík. Farið yfir tillögur.

5. Jólblaðið

Ákveðið var að taka opnuviðtal við Kjartan Másson. Sævar Sævarsson mun taka viðtalið.

6. Önnur mál

A. Aðgengi að þreksal á Sunnubrautinni rætt. Einar hefur rætt við starfsfólk hússins og kom það í ljós að til eru reglur um aðgengi.

B. Björg ætlar að lista upp tækjapörf í þreksalinn.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 26. október.

Fundi slitið kl. 19:15

Fundinn ritaði Eva Björk

